tilkynnt, að stjórnarráðið álítur það vitaskuld, að þèr, eptir því 1861.
sem nú er ástatt, án þess yður hafi sèrstaklega verið fengið 11. júlím.
vald til þess, komið fram á alþingi sem konungsfulltrúi og gegnið öllum þeim störfum, sem á honum hvíla, og skal því með brèfi þessu, í von um að hans hátign konungurinn síðar fallizt á það, lagt samþykki á, að þèr, eptir því sem gjört er ráð fyrir, til þessa hafið gegnt köllun konungsfulltrúa, og yður veitt vald til að halda áfram að gegna þeim starfa.

Þess skal við getið, að þeir 1,000 rdl., sem Melsteð amtmanni voru fengnir til umráða, sem konungsfulltrúa, og um er rætt í brèfi dómsmálastjórnarinnar til yðar 31. maím. þ. á., má landfógetinn nú greiða úr jarðabókarsjóðnum eptir fyrirmælum yðar, og gegn kvittun af yðar hendi, og verjið þèr fènu til kostnaðar þess, sem því er samfara að vera konungsfulltrúi á alþingi.

---

41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um styrk til jarðabóta. 11. júlím.

Samkvæmt því, sem farið er fram á í brèfi yðar, herra amtmaður, 29. desemberm. f. á., leyfir dómsmálastjórnin, að Friðbirni Bjarnarsyni sè veittur 100 ríkisdala styrkur úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, til að halda áfram jarðabótum þeim, er faðir hans var byrjaður á, en aptur á mót sè hann skyldaður til að veita öðrum kennslu í landbúnaði. Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið það, er þarf í því efni.

---

42. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sameining Grímstungu brauðs við Undirfell. 27. júlím.

Eptir uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar, er samkvæmar voru brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, há-